

Aðalfundur foreldrafélagsins Leiksteins

20. október 2022 kl. 20:30

Fundurinn er haldin á Teams að þessu sinni og er almenn ánægja meðal foreldra með það fyrirkomulag.

Í stjórn sitja: Matthildur, Hróðný, Kristín (sem ritar fundargerð), Hulda og Gestur

Á fundinn eru mætt: Matthildur, Hróðný, Kristín, Ólafur Freyr, Guðfinna, Gestur, Hulda, Helena, Helga Höeg, Melissa, Hrönn, Viktoría Rós, Davíð Óskar, Paula

Dagskrá:

1. Skýrsla um starfsemi félagsins - Matthildur formaður
 - a. Farið yfir stjórnarmeðlimi félagsins, hverjir halda áfram og hverjir bíða endurkjörs
 - b. Farið yfir viðburði síðasta árs
 - c. Farið yfir vorhátíðina sem var haldin síðastliðið sumar
2. Reikningar félagsins - Hróðný gjaldkeri
 - a. Hróðný fer yfir fjármál félagsins og það sem var gert síðasta árið. Aðalfundur samþykkti reikninga félagsins.
 - b. Ræðum við foreldrana um bambahúsið (gróðurhús) sem upp er komin hugmynd að kaupa og sækja um styrk hjá Krónunni í maí.
 - c. Komu hugmyndir um að sækja um styrk í Kvenfélagið? Eða önnur félög (Lions?). Karolínafundur?
 - d. Vappað fram hugmynd um hvort að foreldrar hafi áhuga á að fá námskeið á vegum foreldrafélagsins um einhver ákveðin málefni, jafnvel í samstarfi við Þjórsárskóla eða t.d. leikskólann á Flúðum.
3. Endurskoðun á starfsreglum
 - a. Umræður sköpuðust um endurskoðun á starfsreglum. Tillaga stjórnar að breytingu á starfsreglum var samþykkt þannig að í stað „*Stjórn félagsins skal skipuð þremur aðilum; formanni, ritara og gjaldkera. Stjórnin skal kosin til tveggja ára í senn, tveir annað árið og einn hitt árið. Einnig skal kjósa þrjá varamenn með sama fyrirkomulagi, tveir eitt árið og einn hitt og þá til tveggja ára í senn.*“ þá verði: „**Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðilum; formanni, ritara, gjaldkera og tveimur meðstjórnendum. Stjórnin skal kosin til tveggja ára í senn, tveir annað árið og þrír hitt árið.**“ Þetta var samþykkt.
4. Kosning til stjórnar
 - a. Matthildur og Gestur áfram kjörin í stjórn foreldrafélagsins til tveggja ára.
5. Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs
 - a. Ólafur Freyr og Guðfinna kosin skoðunarmenn reikninga

6. Ákvörðun félagsgjalda

- a. Félagsgjöldin. Við leggjum til að halda sömu upphæð félagsgjalda. Tillaga um að rukka félagsgjöldin að hausti og vangaveltur um hvernig sé best að gera það.
 - i. Nú eigum við góða upphæð inni á bók þannig að við getum teyggt þetta fram í september. Þannig að greiðslan yrði gerð í janúar og eindagi í maí, foreldrar hafa 4 mánuði til að borga. Styrkurinn frá sveitarfélaginu myndi þá koma í september.
 - ii. Foreldrar taka vel í það og stjórnin mun halda áfram að ræða þetta.

7. Önnur mál

- a. Kom athugasemd um skiptimarkað (fatnaður, leikföng, bækur) – þróa þá hugmynd betur.
 - i. Talað um að það væri líka hægt að setja inn á Facebook síðu Leiksteins ef einhver er að losa sig við, óska eftir einhverju eða vill skipti
- b. Hvetjum foreldra að mæta á skólaþingið í Árnesi þann 19. nóvember

Fundi slitið kl. 21:23.